

Alþingi  
Erindi nr. P 133/46/  
komudagur 1. 12. 2006

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 01. desember 2006  
Tilvísun: 2006110048/2.13.1  
SE/BH  
24.11.2006


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald o.fl.**

Með bréfi dags. 24.11. s.l. er Vegagerðinni sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að breytingum á málsmeðferð og viðurlögum sem miða að bættu eftirliti og eftirfylgni með því að farið sé að ákvæðum laganna. Verði frumvarpið samþykkt verða breytingar á meðferð mála sem gera málsmeðferð alla gegnsærri og sniðnir verða af þeir vankantar sem í ljós hafa komið við beitingu ákvæða gildandi laga. Vegagerðin telur í ljósi reynslu óhjákvæmilegt að bregðast við og gera úrbætur í þá veru sem að er stefnt með frumvarpinu ef tryggja á eðlilega framkvæmd laganna. Telur Vegagerðin frumvarpið vel til þess fallið og styður því þær tillögur sem snúa að breytingum á ákvæðum um framkvæmd laganna.

Vegagerðin leggst gegn fyrirhugaðri framlengingu á tímabundinni lækkun olúgjalds, úr 45 kr. á lítra í 41 kr. á lítra, um eitt ár í viðbót. Í tekjuáætlun vegna samgönguáætlunar 2007-2010 sem lögð verður fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi er gert ráð fyrir að olúgjald verði 45 kr. pr. lítra. Miðað við áætlaðar sölutölur sem byggjast á sölu á fyrsta ári olúgjaldsins þýðir þetta um 440 m.kr. tekjutap fyrir Vegagerðina.

Virðingarfyllst



Kristín H. Sigurbjörnsdóttir,  
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs